

Ár 2018, þriðjudaginn 27. mars, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Sigurði Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 1/2018**

Knattspyrnufélagið Árborg  
gegn  
Snæfelli/UDN

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Knattspyrnufélagið Árborg  
Fyrirsvarsmaður: Guðjón Bjarni Hálfðánarson

**Kærði:**

Snæfell/UDN  
Fyrirsvarsmaður: Páll Margeir Sveinsson

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 9. mars s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst hún þann 19. mars.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess aðallega að leikur Snæfells/UDN gegn Árborg í C deild karla riðli 3 í Lengjubikarnum sem fram fór þann 4. mars s.l. verði endurtekinn með dómaraþrífri frá KSÍ.

Til vara er þess krafist að kærði verði skeytaður fyrir hegðun sína sbr. 40. reglug. KSÍ um knattspyrnumót og 10. gr. reglug. um deildarbikarkeppni karla.

Kærði krefst sýknu af öllum kröfum kæranda í máli þessu.

II.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að í hinum tilgreinda leik milli Snæfells/UDN og Árborgar hafi átt sér stað atvik þar sem leikmaður Snæfells/UDN sem skráður var á skýrslu var aðstoðardómari í fyrri hálfleik en leikmaður í seinni hálfleik og leikmaðurinn sem kom út af tók að sér hlutverk aðstoðardómara í hans stað. Þegar rætt hafi verið við dómara leiksins hafi hann ekki gert sér grein fyrir að aðstoðarmaður hans

væri leikmaður á skýrslu, í raun beðist afsökunar og boðist til að dæma leikinn einn án aðstoðardómaranna. Forsvarsmenn kæranda töldu það ekki betra þó eftir á að hyggja hafi það verið skynsamlegara þar sem aðstoðardómarar hafi ekkert kunnað til verka og staðið sig skelfilega.

Kærandi vísar til ákvæðis 7.2 í reglugerð KSÍ um deildarbikar karla, en þar segir að það lið sem talið er upp á undan sé ábyrgt fyrir aðstoðardómurum með tilskilin réttindi. Hlutaðeigandi aðstoðardómari hafi ekki verið með tilskilin réttindi og að auki á leikskýrslu og kærði því villt um fyrir dómara leiksins og hann því ekki haft réttar forsendur til grundvallar til að byggja ákvöðun sína á um það hvort hann hefði átt að nýta sér aðstoð umdrædds aðstoðardómara við dómgæslu leiksins. Hafi því kærði gerst brotlegur við ákvæði reglug. 7.2. um deildarbikarkeppni kara.

Kærði segir í greinargerð sinni að leitað hafi verið víða til að fá aðstoðardómara utan félags á umdræddan leik en það hafi því miður ekki tekist. Umdræddur aðstoðardómari hafi hins vegar dæmt á Grundarfirði undanfarin ár. Það gerist marg oft í leikjum deildarbikarsins að leikmenn skipti um hlutverk og taki að sér hlutverk aðstoðardómara.

Kærði vísar máli sínu til stuðnings einnig til ákvæðis 7.2 í reglugerð KSÍ um deildarbikar kara þar sem segir að heimilt sé að láta leiki í C-deild fara fram án aðstoðardómara í undantekningartilfellum.

### III.

#### Niðurstaða:

Í máli þessu er það óumdeilt að leikmaður sem spilaði fyrri hálfleik í umræddum leik fór af velli í hálfleik en tók síðan við sem aðstoðardómari í seinni hálfleik. Það er vissulega ekki til eftirbreytni að leikmenn sem eru á leikskýrslu taki að sér störf aðstoðardómara hvort sem þeir eru með réttindi eða ekki. Einnig er það ámælisvert að dómari leiksins hafi ekki verið upplýstur um þetta af forsvarsmönnum kærða. Hins vegar kemur fram í málinu að honum var gerð grein fyrir þessari stöðu áður en seinni hálfleikur hófst og bauðst hann þá til að dæma leikinn einn. Kærandi taldi ekki ástæðu til þess og samþykkti því í raun að umræddur aðstoðardómari dæmdi seinni hálfleikinn.

Í samræmi við ofnagreint er niðurstaðan sú að sýkna beri kærða af öllum kröfum kæranda í máli þessu.

### IV.

#### Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Snæfell/UDN og Árborgar í C deild riðli 3 Lengjubikars karla sem fram fór þann 4. mars 2018 skulu standa óhögguð.

Helgi R. Magnússon [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Sigurður I. Halldórsson [sign]

#### Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Áryjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.